



Fundargerð

53. fundur lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
17. desember 2024, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Ungmennaráð Reykjaneshæjar - helstu áherslur (2024120104)

Ólafur Bergur Ólafsson umsjónarmaður ungmennaráðs og Eydís Ásla F. Rúnarsdóttir fulltrúi í ungmennaráði mættu á fundinn og fóru yfir áherslumál ungmennaráðs Reykjaneshæjar.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu og færa ungmennaráði kærar þakkir fyrir vel unnin störf á árinu sem er að líða.

2. Íslenska æskulýðsrannsóknin - vor 2024 (2024120102)

Lýðheilsuráð rýndi í helstu niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem lögð var fyrir nemendum í 4. – 10. bekk í grunnskólum Reykjaneshæjar. Ljóst er að blikur eru á lofti.

Framundan er mikil vinna s.s. foreldrafundir Samtakahópsins í samstarfi við Skúla Braga Geirdal en mjög mikilvægt er að foreldrar, grunnskólar og aðrir fagaðilar taki höndum saman við að komast á rétta braut á ný.

3. Fundargerð Samtakahópsins frá 13. nóvember 2024 (2024030167)

Fundargerð Samtakahópsins lögð fram.

4. Kynning á lýðheilsutilboðum fyrir eldri borgara í Reykjaneshæ (2024050049)

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi fór yfir margvísleg tilboð sem eldri borgurum stendur til boða í Reykjaneshæ.

5. Hvatagreiðslur eldra fólks í Reykjaneshæ 2025 (2023050588)

Hvatagreiðslur eldri borgara hafa slegið í gegn hjá íbúum Reykjanesbæjar. Alls hafa 484 einstaklingar nýtt sér hvatagreiðslur á árinu sem er að líða. Yngsti þátttakandinn 67 ára og sá elsti 92 ára.

Lýðheilsuráð minnir á að hvatagreiðslur fýrnast um áramót.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50